

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35 þriðjudaginn 1.06.2004:

Mættir: J., K., P., Va. og Vi. A.M. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

1. Greint var frá því helsta sem gerðist á nýafstaðinni Þjónusturáðstefnu og varðaði Upplýsingarnefnd LPN beint og það rætt.
 2. Rætt var sumarstarf nefndarinnar:
 - Ákveðið að það skuli fyrst og fremst beinast að því, að stuðla að stofnun staðbundinna upplýsingarnefnda t.d. á þeim svæðum þar sem svæðisnefndir eru fyrir hendi og ef til vill á öðrum stöðum þar sem fyrir eru stórar heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, fangelsi, lögregla o.s.v.frv.
 - Nefndarmenn skipta á sig að verða tengiliðir nefndarinnar við ákveðin svæði: **Va.:** Suðurlandið + Reykjanesið; **Vi.:** Akureyrarsvæðið + Norðurlandið; **P.:** Austurlandið; **A.M.:** Vesturlandið(?).
 - AA-útgáfan mun fljótlega senda öllum deildum á landinu spjald með hinni nýju þýðingu á Sporunum 12. Tók P. að sér að semja drög að bréfi frá Upplýsingarnefnd er dreift verði með Sporunum. Þar verður gerð grein fyrir tilveru nefndarinnar, stöðu hennar og starfi. Greint frá hverjir eru tengiliðir hennar við ákveðin svæði og hvernig megi ná sambandi við þá. Lætur hann drögin berast til nefndarmanna með tölvupósti áður en bréfið verður sent.
 - Va. mun mæta fyrir hönd nefndarinnar á fundi Svæðisnefndar Suðurlands í júní.
 3. J. dreifði fjórum eintökum af Þjónustuhandbók fyrir upplýsingar-nefndir og fengu K., P., Va. og Vi. hver sitt eintak.
 4. Fundartími Upplýsingarnefndar á þriðjudagskvöldum reynist mörgum óheppilegur. Ákveðið var að færa hann til reynslu yfir á **fyrsta fimmtudag** í mánuði kl. 20:00.
 5. Þörfina á nýju AA-bókinni í formi hjóðbókar bar á góma og töldu menn að auðvelt væri að fá sjálfboðaliða til að vinna að slíkri útgáfu án endurgjalds, ef vilji væri fyrir hendi hjá AA-útgáfunni til þess að gefa bókina út sem hljóðbók.
- Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Fimmtudaginn** 1.07.2004, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík. **Athugið breyttan fundardag!**
- Á fundinum liggur fyrir:
- Framhaldsumræða um sumarstarfið.
 - Spurning um ritara fyrir nefndina.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35 fimmtudaginn 1.07.2004:

Mættir: J., P. og Va.. Vi. og A.M. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

6. P. kynnti drög að bréfi frá Upplýsingarnefnd er dreift verði með með hinni nýju þýðingu á Sporunum 12 og voru þau samþykkt án athugasemda. Mun P. sýna Vi. og Ö.M. þau og ganga síðan frá bréfinu og afhenda starsmanni AA-samtakanna það til dreifingar.
7. Va. mætti fyrir hönd nefndarinnar á fundi Svæðisnefndar Suðurlands 19. júní sl. og sagði aðeins frá fundinum.
P. upplýsti að Vi. væri búinn að hafa samband við tengiliði á Akureyrarsvæðinu og hygðði á heimsókn þangað og kynningarfund með þeim síðar á sumrinu.
8. Rætt var lítillega um sumarstarf nefndarinnar, en engar frekari ákvarðanir teknar varðandi það.

J. afhenti P. eintak af Þjónustuhandbók fyrir upplýsingar-nefndir ætlað upplýsingarnefnd SSR og mun hann koma því til skila.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Fimmtudaginn 5.08.2004, kl. 20:00** á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík. **Athugið breyttan fundardag!**

Á fundinum liggja fyrir:

- Frásögn Vi. af samskiptum við Akureyrarsvæðið.
- Framhaldsumræða um sumarstarfið.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, fimmtudaginn 5.08.2004:

Mættir: A.M., J. og Va.. P. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

9. A.M. ætlar að hafa samband við og hitta að máli AA-félaga á Borgarfjarðarsvæðinu og Snæfellsnesi með það fyrir augum að kynna þeim starfsemi svæðisbundinna upplýsingarnefnda. Rætt um heppilega tengiliði og hvernig best er að haga slíkri kynningu. Hún mun hafa með sér tvö eintök af 'Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir', annað fyrir tengiliði varðandi svæðisbundna upplýsingarnefnd á Borgarfjarðar-svæðinu og hina fyrir tengiaðila varðandi svæðisbundna upplýsingarnefnd á Snæfellsnesinu.
10. Va. ætlar að sækja fund svæðisnefndar í Vestmannaeyjum 11. september n.k. og mun þá ræða við AA-félaga þar um svæðisbundna upplýsingarnefnd og hafa með sér eintak af 'Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir' til afhendingar.
Vi. mun fara norður til Akureyrar á morgun og hefur mælt sér mót við AA-félaga þar til þess að kynna starfsemi svæðisbundinna upplýsingarnefnda og hafa meðferðis eintak af 'Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir' þeim til upplýsingar og leiðbeiningar.
J. mun sjá um að útbúa þessi fjögur eintök af Þjónustuhandbókinni tímanlega.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Fimmtudaginn** 2.09.2004, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggja fyrir:

- Frásögn Vi. af samskiptum við félagi á Akureyrarsvæðinu.
- Frásögn Ö.M. af samskiptum við félagi í Borgarfirði og á Snæfellsnesi.
- Framhaldsumræða um nefndarstarfið.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, fimmtudaginn 2.09.2004:

Mættir: A.M., J., P. og Va.. Vi. er forfallaður utanbæjar.

Þetta var helst rætt:

1. A.M. hefur verið veik að undanfögnu og ekki ennþá náð að hafa samband við og hitta að máli AA-félaga á Borgarfjarðarsvæðinu og Snæfellsnesi. Mun reyna að gera það við fyrsta tækifæri.
2. Va. ætlar að sækja fund svæðisnefndar í Vestmannaeyjum 11. september n.k. og mun þá ræða við AA-félaga þar um svæðisbundna upplýsingarnefnd.
Hann mun senda nefndinni fréttir af fundinum í tölvupósti fyrir næsta fund Upplýsingarnefndar þar sem hann mun ekki geta sótt næstu 3 fastafundi nefndarinnar þar sem hann verður þá bundinn af öðrum verkefnum.
3. Rætt var um miðlun upplýsinga um AA-samtökin til stjórnvalda m.a. varðandi þýðingu 6. og 7. erfðavenjanna. Eðlilegt að það sé í verkahring Upplýsingarnefndar LPN þegar um er að ræða ríkisstofnanir, en annars í verkahring svæðisbundinna upplýsingarnefnda þegar um stofnanir sveitarfélaga er að ræða. Kynning fari ætíð fram með persónulegri heimsókn eins eða fleiri AA-félaga, er útskýrt geti innihald lesefnis um leið og það er afhent, sé þess óskað.
P. tók að sér að kynna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu bataleiðir AA-samtakanna og erfðavenjur þeirra í samræmi við það, sem að ofan greinir.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Fimmtudaginn 7.10.2004**, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggja fyrir:

- Frásögn Vi. af samskiptum við félagi á Akureyrarsvæðinu.
- Frásögn Va. af fundi svæðisnefndar í Vestmannaeyjum.
- Frásögn Ö.M. af gangi mála hnað varðar stofnun svæðisbundinna upplýsingarnefnda á Vesturlandi?
- Framkvæmd og tímasetning saneiginlegs fundar með starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, fimmtudaginn 7.10.2004:

Mættir: A.M. og J.. Va. og Vi. boðuðu forföll.

Þetta gerðist (ekki) milli funda:

1. Svæðisnefndarfundi Suðurlands, sem vera átti 11. september var frestað til 25. september, en þá hafði Va. ekki tók á að sækja hann svo ekki hefur enn orðið af því að við tækjum upp fund með þeim og þeir hafa ekki ennþá fengið möppu frá okkur.
2. Á síðasta fundi LPN kom fram ósk um að Upplýsingarnefndin hafi samband við svæðisnefnd Austurlands og veitti upplýsingar varðandi svæðisbundnar upplýsingarnefndir. Vísast þessu til P. samkv. fundargerð fundar 1.06.2004.
3. Vi. hafði samband við svæðisnefndina á Akureyri varðandi stofnun svæðisbundinnar upplýsingarnefndar. Hefur nú þegar komið á framfæri við skrifstofu samtakanna beiðni þeirra um AA-lesefni til nota við staðbundna kynningu á bataleið AA.
4. Samþykkt var á síðasta fundi LPN að *“Upplýsingarnefnd fái heimild til að kaupa bæklinga til að styrkja staðbundnar upplýsingarnefndir á þeim svæðum þar sem samstarfsnefndir eru ekki með sjálfstæðan fjárhag”*.

Þetta var helst rætt:

4. A.M. hefur haft samband bæði við aðila í Borgarfirði, á Snæfellsnesi og á Bíldudal til þess að ræða um stofnun staðbundinna upplýsingarnefnda. Í ljós kom að starfsemi svæðisnefnda á Vesturlandi hefur að mestu legið niðri sl. tvö ár. Hins vegar var áhugi hjá þessum aðilum um að koma upp meira tölftasporstarfi og koma á fót staðbundnum upplýsingarnefndum. – Það kom fram í viðtölum við þetta fólk að landfræðilegar aðstæður gera erfitt að halda uppi virku starfi einnar svæðisnefndar fyrir allt Vesturlandið.

A.M. mun á næstunni hitta einhverja af þeim aðilum, sem hún hefur haft samband við. verið.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Fimmtudaginn 4.11.2004**, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggja fyrir:

- Nánari frásögn Vi. af samskiptum við félagi á Akureyrarsvæðinu.
- Framkvæmd og tímasetning saneiginlegs fundar með starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, fimmtudaginn 2.12.2004:

Mættir: A.M., J., P. og Vi.. Va. boðaði forföll.

Þetta gerðist milli funda:

Breytingar urðu varðandi fulltrúa AA-útgáfunnar þannig að K. hætti en í hans stað komu S. sem aðalmaður og Al. til vara.

Þetta var helst rætt:

1. Vi. sagði frá því, að hann hefur verið í sambandi við aðila á Eyjafjarðarsvæðinu varðandi myndun staðbundinnar upplýsingarnefndar og hafa þeir fengið möppu, AA-lesefni og upplýsingar sem þeir hafa óskað eftir.
2. A.M. sagði frá því að á Vesturlandinu virðist ekki vera mikið svæðisbundið samstarf í gangi, en hefur þó fundið tengilið á Borgarfjarðarsvæðinu. Vestfjarðasvæðið er landfræði- og samgöngulega einangrað frá öðrum hlutum Vesturlands og hamlar það svæðisbundnu samstarfi.
3. Ákveðið var að reyna í marz 2005 að boða til fundar með tengiliðum á landsbyggðinni, reyndum aðilum frá SAAS og nefndinni til þess að ræða stofnun og verkefni stað- og svæðisbundinna upplýsingarnefnda.
4. Rætt var um og ákveðið að Upplýsingarnefnd LPN reyndi að fá fund með nýskipuðu Áfengis- og vímuvarnaráði til þess að kynna því AA-samtökin, erfðavenjur þeirra og starfsemi. P. tók að sér að koma á slíkum fundi, en auk hans munu A.M. og Vi. fara til fundar við ráðið.
5. Því miður mætti enginn fulltrúi frá AA-útgáfunni á fundinn og var nokkuð rætt um hversu nauðsynlegt væri að Útgáfan ætti fulltrúa á fundum Upplýsingarnefndar LPN vegna þess hve oft kæmu upp spurningar og mál er vörðuðu AA-útgáfunna. *Sem sagt fulltrúa AA-útgáfunnar sárt saknað!*
6. Ýmislegt fleira bar á góma svo sem t.d.: innflutningur AA-lesefnis á ensku; hvort ekki væri tímabært að þýða og gefa út á íslensku, t.d. á sjötíuáraafmæli AA-samtakanna árið 2005, bókina 'AA Comes of Age'; hvort ekki væri rétt að bjóða öðrum ei-alka þátttöku í starfi Upplýsingarnefndar svo hann kynnist störfum hennar; engar niðurstöður urðu þó úr þessum umræðum.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Fimmtudaginn 6.01.2005**, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggja fyrir:

- Framkvæmd sameiginlegs fundar með tilvonandi og starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn að Bárugötu 35, fimmtudaginn 6.01.2005:

Mættir: A.M., J. og Vi.. P. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

- Framkvæmd sameiginlegs kynningarfundar með tilvonandi og starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum. Eftirfarandi var ákveðið í því sambandi:
 1. Fundurinn verður haldinn laugardaginn 12.03.2005, kl. 15:00 til 18:00 (eða 19:00).
 2. Fulltrúum frá Svæðisnefndum þar sem þær eru starfandi og deildum á stöðum þar sem hafa a.m.k. eitthvað tvennt af eftirtöldu: lögreglu (fangageymslu), fangelsi, sjúkrahús, heilsugæslustöð, félagsmálastofnun og/eða fjölmennana vinnustaði. Þar koma til greina auk Reykjavíkur staðir svo sem: Hafnarfjörður, Akranes, Borgarnes, Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ólafsvík, Ísafjörður, Blönduós, Akureyri, Húsavík, Seyðisfjörður, Egilsstaðir, Neskaupstaður, Hornafjörður, Vestmannaeyjar, Selfoss og Keflavík.
 3. J. mun gera uppkast að bréfi fyrir næstu mánaðarmót þar sem svæðisnefndum og AA-deildum á framantöldum stöðum verður boðið að senda fulltrúa á kynningarfundinn. Skrifstofan verður beðin um að senda bréfið út hið fyrsta. Beðið verður um símsvar varðandi þáttöku fyrir 21.02. nk. svo tími gefist til öflunar hentugs húsnæðis fyrir fundinn. Uppkastið verður sent nefndarmönnum í tölvupósti til ath.
 4. Fram kom hugmynd um að kanna möguleika á að leigja lýtinn sal t.d. í Laugarbrekku fyrir fundinn.
 5. Fundarform verði hringborðsumræður með stuttri kynningu á tilgangi fundarins (t.d. J.) og tvisvar stuttri framsögu um reynslu Samstarfsnefndar Reykjavíkur af kynningu AA gagnvart lögreglu og Félagsþjónustu (t.d. P.) og af rekstri neyðarsíma (t.d. A. M.). Þá umræður, spurningar og svör.
 6. Gerður verði stuttur úrdráttur úr efni handbókarinnar varðandi það hvernig staðið skal að kynningu á AA-samtökunum þannig að erfðavenjur samtakanna séu hafðar í heiðri og það, sem helst hentar íslenskum aðstæðum. Úrdrætti þessum verði dreift til þátttakenda. Tvö eintök af sjálfri handbókinni a.m.k. verði látin liggja frammi á fundinum til kynningar.
- Vi. sagði frá fundi, er hann átti með starfsmannastjóra Háskóla Íslands varðandi uppfærslu á upplýsingum um AA-samtökin í upplýsingabæklingi stofnunarinnar fyrir starfsmenn er eiga við áfengisvanda að stríða. Mættu fleiri stofnanir með stóra vinnustaði að útbúa slíkar upplýsingar fyrir sitt starfsfólk.
- Ýmislegt fleira bar á góma, en engar merkar niðurstöður urðu þó úr þeim umræðum.
- **Því miður mætti enginn fulltrúi frá AA-útgáfunni á fundinn og var nokkuð rætt um hversu nauðsynlegt væri að Útgáfan ætti fulltrúa á fundum Upplýsingarnefndar LÞN vegna þess hve oft kæmu upp spurningar og mál er vörðuðu AA-útgáfuna. *Sem sagt fulltrúa AA-útgáfunnar sárt saknað!***

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Fimmtudaginn 3.02.2005**, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggja fyrir:

- Framkvæmd sameiginlegs fundar með tilvonandi og starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum hinn 12. marz 2005.
- Fréttir af fundi P., Ö.M. og Vi. með nýskipuðu Áfengis- og vímuvarna ráði.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn að Bárugötu 35, fimmtudaginn **3.02.2005**:

Mættir: Ei., J. og Vi.. P. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

- Framkvæmd sameiginlegs kynningarfundar með tilvonandi og starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum. Fram kom að:
 7. Búið er að send út til allra deilda og svæðisnefnda á landinu boðsbréf til fundarins og óska eftir símsvörum varðandi þátttöku fyrir 21.02. nk. Boðsbréfinu var jafnframt dreift á fundi LPN með svæðisnefndum 30.01. sl.
 8. Strax eftir að frestur til að tilkynna þátttöku rennur úr verður fundinn og ákveðinn fundarstaður.
 9. Annar sameiginlegur fundur innan AA-samtakanna verður haldinn hér í Reykjavík sömu helgi og ætlar Vi. að taka það upp við þá, sem fyrir þeim fundi standa, að þeir hagi dagskrá fundarins þannig, að þátttakendur geti tekið þátt í báðum fundunum hafi þeir áhuga á því.
 10. Talið var nóg að reikna með þriggja klukkustunda löngum fundi (15-18).
 11. J. mun byrja að draga saman stuttan úrdrátt úr Þjónustuhandbókinni fyrir upplýsingarnefndir til þess að dreifa og nota á kynningarfundinum.
- Viðar kynnti yfirlit frá S.S. yfir það helsta sem í gangi er á Akureyri um þessar mundir: Neyðarsími tók til starfa um sl. áramót. Fundarskrá fyrir Akureyri gefin út. Verið að undirbúa stofnun svæðisnefndar. AA-kynning farin í gang o.sitthvað.fl.
- Ei. ei-alka var boðið að taka þátt í fundum Upplýsingarnefndar og þáði hann boðið og sat hann fundinn. Fundarmenn buðu hann velkominn og kynntu honum störf og starfsvið nefndarinnar, fékk hann afhent eintak af möppu með Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir og fundargerðum.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Fimmtudaginn 3.03.2005**, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggja fyrir:

- Framkvæmd sameiginlegs fundar með tilvonandi og starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum hinn 12. marz 2005.
- Fréttir af fundi P., Ö.M. og Vi. með nýskipuðu Áfengis- og vímuvarna ráði.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomín og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn að Bárugötu 35, fimmtudaginn **3.03.2005**:

Mættir: Ei., J. og Vi.. A.M. og P. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

- Framkvæmd sameiginlegs kynningarfundar með tilvonandi og starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum. Fram kom að:
 12. Að þrátt fyrir að send voru til allra deilda og svæðisnefnda á landinu boðsbréf til fundarins og fundarboðið síðar ítrekað hafa aðeins borist örfáar þátttökutilkynningar.
 13. Í ljósi þess hve fáir virðast ætla að taka þátt í fundinum (innan við 10), bauðst Vi. til þess að hýsa fundinn heima hjá sér. Var ákveðið að þyggja boð Vi. og verður fundurinn haldinn þar. [Fyrir þá, sem þarfnast nánari leiðsögu til þess að rata þangað þá er sími Vi.: 896 8203].
 14. Vi. sagði frá því, að dagskrá sameiginlegs fundur innan AA-samtakanna, sem verður haldinn hér í Reykjavík sömu helgi, verður þannig háttað að hlé verður þar í dagskrá þannig og að þátttakendur geti tekið þátt í báðum fundunum hafi þeir áhuga á því.
 15. J. gerir stuttan úrdrátt úr Þjónustuhandbókinni fyrir upplýsingarnefndir til þess að dreifa og nota á kynningarfundinum.
- Rætt var um að nauðsynlegt væri að halda fljótlega kynningarfundum með fjölmiðlum, en þar sem helstu fjölmiðlar landsins eru staðsettir hér á Reykjavíkursvæðinu er eðlilegast að það verði verkefni upplýsingarnefndar Samstarfsnefndar Reykjavíkur að standa að slíkum fundum og mun Vi. taka það upp við þá, er að henni standa.
- Rætt var um hvernig best væri að halda kynningarfund með prestum og kom upp sú hugmynd að fá að vera með slíkan kynningarfund í tengslum við prestastefnu. Ei. ætlar að ræða við biskup möguleika á slíkri kynningu.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Fimmtudaginn 7.04.2005**, kl. 20:00 á heimili oddamanns Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggja fyrir:

- Gangur og niðurstöður sameiginlegs fundar með tilvonandi og starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum hinn 12. marz sl.
- Fréttir af fundum P., Ö.M. og Vi. með nýskipuðu Áfengis- og vímuvarna ráði.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn að Báraugötu 35, fimmtudaginn **7.04.2005**:

Mættir: Ei., J. og P.. Vi. boðaði forföll.

Milli funda gerðist þetta:

Haldinn var sameiginlegur kynningarfundur að Tröllaborgum 2, 112 Reykjavík laugardaginn 12 mars sl. með tilvonandi og starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum. Mættir voru 12 einstaklingar frá Akureyri, Sauðárkróki, Hveragerði og Reykjavík. Fundurinn fór vel fram, stóð í 1½ klukkustund og fannst þátttakendum hann hæfilega langur og gagnlegur. Á fundinum var dreift stuttum úrdrætti úr Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir. Beiðni kom um fjögur eintök af Þjónustuhandbókinni frá Sauðárkróki, Akureyri, Hveragerði, Reykjavík og hafa þau verið afgreidd.

Þetta var helst rætt:

- J. sagði frá kynningarfundinum með stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum.
- P. sagði frá því að fyrirhugaður fundur hans, Ö.M. og Vi. með nýskipuðu Áfengis- og vímuvarna ráði yrði 11.04. nk. klukkan 11.
- Ýmislegt fleira bar á góma, en ekki teknar neinar sérstakar ákvarðanir. Meðal þess, sem drepið var á var hætta, er fælist í því að ýta of fast á stofnun upplýsingarnefnda þar sem grasrót deildarstarfs væri ekki orðin nægilega sterk til þess að standa undir þeim væntingum er upplýsingarstarfsemi kynni að skapa.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Fimmtudaginn 5.05.2005**
(**Uppstigningardag**), kl. 20:00 á heimili oddamanns Báraugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Umræða um skýrslu Upplýsingarnefndar til Þjónusturáðstefnu um störf nefndarinnar sl. starfsár.
- Kynningarfundur Upplýsingarnefndar LPN á komandi þjónusturáðstefnu með tilvonandi og starfandi svæðisbundnum upplýsingarnefndum.

Það er aðeins tillaga oddamanns að framfari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.